



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja

Fræðslufundur fyrir regluverði 30. maí 2013

Inga Dröfn Benediktsdóttir lögfræðingur

Lagaumhverfið

- Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.)
- Reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik (markaðssvikareglugerðin)
- Reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. vvl. – III. kafli
- Reglur nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja
- Leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2012 um framkvæmd reglna nr. 1050/2012



Lagaumhverfið - gildissvið

- Hegðunarreglur fyrir:
 - eftirlitsskylda aðila
 - útgefendur (þ.m.t. stjórnvöld)
 - aðila sem eiga viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði
 - aðila sem meðhöndla innherjaupplýsingar
 - stjórnvöld tiltekin sérstaklega í 2. mgr. 130. gr. vvl.



Lagaumhverfið - markmið

- Vernda fjárfesta og auka tiltrú almennings
 - jafnræði
- Trúverðugleiki verðbréfamarkaðarins
 - gegnsæi
 - skýr verðmyndun
 - heiðarleiki í verðbréfavíðskiptum
- Regluvörður mikilvægur hlekkur



Staða regluvarðar

- Útgefendum er skylt að hafa regluvörð sem sér um að framfylgja reglum nr. 1050/2012 innan útgefandans
- Stjórn útgefanda ber á endanum ábyrgð á að reglum nr. 1050/2012 sé framfylgt
- Stjórn skal ráða regluvörð/staðfesta ráðningu hans
 - Sama gildir um staðgengil regluvarðar
- Ef regluverði (eða staðgengli) er sagt upp skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um uppsögnina og tiltaka ástæðu hennar



Staða regluvarðar

- Regluvörður þarf að:
 - búa yfir fullnægjandi þekkingu á:
 - gildandi lögum og reglum
 - starfsemi útgefanda
 - viðkomandi fjármálagerningum
 - skipulegum verðbréfamarkaði / MTF
 - hafa aðgang að upplýsingum



Regluvörður – helstu verkefni

- 6. gr. reglna nr. 1050/2012
 1. Mat á upplýsingum
 2. Ákvörðun um frestun birtingar innherjaupplýsinga
 3. Varfærin meðferð innherjaupplýsinga
 4. Innherjalistar
 5. Tilkynningarskyld viðskipti



Regluvörður – helstu verkefni frh.

- 6. gr. reglna nr. 1050/2012

6. Fræðsla til starfsmanna útgefanda

7. Samskipti við Fjármálaeftirlitið

8. Samskiptaskrá

9. Skýrsla til stjórnar útgefanda



1. Mat á upplýsingum

- Samstarf stjórnenda og regluvarðar mikilvægt
- Regluvörður þarf að hafa aðgengi að upplýsingum og stjórnendur verða að vera meðvitaðir um að upplýsa regluvörð
- Skilgreining á innherjaupplýsingum í 120. gr. vvl.
 - „nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem **ekki hafa verið gerðar opinberar** og varða **beint eða óbeint** útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru“
 - Þessi atriði þarf að meta heildstætt



1. Mat á upplýsingum – frh.

- Skilgreining í 2. gr. reglugerðar nr. 630/2005 - útfærsla á „nægjanlega tilgreindar“
 - „Litið skal svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Upplýsingarnar verða þó að vera **nægilega nákvæmar** til að unnt sé að draga ályktun um **möguleg áhrif** þeirra aðstæðna eða atburðar **á verð** fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast.“
- Trúnaðarupplýsingar \neq innherjaupplýsingar



1. Mat á upplýsingum – frh.

- Þarf að meta í hverju tilviki. Veltur á upplýsingum hverju sinni.

Hefur útgefandi áður meðhöndlað svipaðar upplýsingar sem innherjaupplýsingar?

Eru líkur á að upplýstur fjárfestir noti upplýsingarnar til að byggja fjárfestingarákvörðun á?

Hafa á móta upplýsingar áður haft áhrif á verðmyndun?

- Það er útgefanda að meta hvað eru innherjaupplýsingar




1. Mat á upplýsingum – frh.

Dæmi um innherjaupplýsingar

- Yfirtökuviðræður – samrunar
- Breyting á afkomu útgefanda
- Stórir samningar (ný olíulind, lyfjaleyfi, lykilstjórnandi hættir, ný vara, nýtt einkaleyfi o.s.frv.)



2. Ákvörðun um frestun birtingar

- Ef upplýsingar teljast innherjaupplýsingar, þá skal birta strax eða taka ákvörðun um frestun birtingar, sbr. upplýsingaskyldan í 122. gr. vvl.
- Ákvarðanir fara í samskiptaskrá ásamt rökstuðningi
- 1. mgr. 122. gr. vvl. - meginreglan er að innherjaupplýsingar skuli birta eins fljótt og auðið er
- 3. mgr. 122. gr. vvl. – frestun birtingar er undantekning og háð skilyrðum:
 - verndun á lögmætum hagsmunum útgefanda
 - frestun ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi
 - útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar
- Frestun birtingar  varfærin meðferð innherjaupplýsinga



2. Ákvörðun um frestun birtingar – frh.

- Nýmæli í upplýsingaskylduákvæði 122. gr. vvl.
- Birta þarf innherjaupplýsingar í a.m.k. eitt ár á heimasíðu útgefanda
- Útgefendum ber að birta innherjaupplýsingar ef þær eru afhentar þriðja aðila, nema móttakandi sé bundinn þagnarskyldu
- Útgefendum ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um frestun birtingar innherjaupplýsinga



2. Ákvörðun um frestun birtingar – frh.

122. gr. *Upplýsingaskylda, frestun upplýsingaskyldu og lögmæt miðlun innherjaupplýsinga.*
[Utgefanda fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða verslað er með á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF), ber að birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli. **[Utgefandi skal birta innherjaupplýsingarnar á heimasíðu sinni í að lágmarki eitt ár.]¹⁾²⁾**

[Upplýsingaskylda skv. 1. mgr. gildir jafnframt þegar útgefandi fjármálagerninga, eða aðili af hans hálfu, lætur í eðlilegu sambandi við starf sitt, stöðu eða hlutverk þriðja aðila í té innherjaupplýsingar. Við þær aðstæður skal útgefandi birta upplýsingarnar í heild skv. 1. mgr. á sama tíma og þær eru látnar í hendur þriðja aðila. Framangreint á ekki við ef sá er móttækur upplýsingarnar er bundinn þagnarskyldu, af lagalegum eða samningsbundnum ástæðum.]¹⁾

[Samhliða opinberri birtingu skv. 1. mgr. skal útgefandi senda upplýsingarnar til Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar á heimasíðu sinni. Fjármálaeftirlitið, eða aðili sem Fjármálaeftirlitið tilnefnir, skal varðveita upplýsingar sem gerðar hafa verið opinberar í miðlægu geymslukerfi, sbr. 136. gr.]²⁾
Utgefanda fjármálagerninga er á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð sem setja skal skv. 131. gr. **[Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt um frestun á birtingu innherjaupplýsinga jafnóðum og heimild til frestunar er nýtt.]¹⁾**

Nýti útgefandi heimild til frestunar skv. [4. mgr.]¹⁾ er honum, eða aðila í umboði hans, aðeins heimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingarnar í té, enda sé það gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir og móttakandi upplýsinganna er bundinn trúnaði um þær, svo sem samkvæmt lögum, reglugerð eða samningi.



2. Ákvörðun um frestun birtingar – frh.

- Hvenær getur frestun verið réttlætanleg?
 - samningaviðræður
 - ákvarðanir / samningar sem framkvæmdastjórn hefur lokið við en félagsstjórn á eftir að samþykkja
 - alvarleg fjárhagsstaða
- Bóka þarf um ákvörðun um frestun í samskiptaskrá
- Því lengri frestun birtingar kallar á þeim mun ríkari ástæður fyrir frestun
- Ef ákvörðun er tekin um frestun, skal senda Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um það jafnóðum (NÝTT)



3. Varfærin meðferð innherjaupplýsinga

Hvað felst í reglum um varfærna meðferð innherjaupplýsinga?

- Yfirsýn yfir miðlun innherjaupplýsinga
- Regluvörður þarf að samþykkja miðlun innherjaupplýsinga
- Einungis afhentar þeim sem þurfa innherjaupplýsingar starfs síns vegna og eru bundnir þagnarskyldu (á grundvelli laga, meginreglna stjórnsýslulaga, samþykkta eða samnings) annars þarf að birta (NYTT)
- Gera móttakendum grein fyrir eðli upplýsinganna og réttarstöðu þeirra
- Tryggja trúnað um upplýsingarnar
 - útgefendur þurfa að hafa tilbúnað ráðstafanir/ferla um tafarlausa birtingu ef trúnaður helst ekki
- Læstir skápar, lykilorð og aðrar ráðstafanir
- Athuga aðgang utanaðkomandi aðila



Birting innherjaupplýsinga

- Hvort sem um er að ræða umsvifalaus birtingu eða frestun birtingar skal gæta að kröfum 122. gr. vvl. við birtingu innherjaupplýsinga
- Birta þarf innherjaupplýsingarnar almenningi á EES-svæðinu eins fljótt og auðið er og á jafnræðisgrundvelli (í gegnum viðurkennda fréttaveitu)
- Birta þarf upplýsingarnar að lágmarki í eitt ár á heimasíðu útgefanda (NÝTT)



4. Innherjalistar

- 128. gr. vvl. um innherjaskrá
- 13. gr. reglna nr. 1050/2012
- Regluvörður sér um að halda innherjalistum réttum á hverjum tíma. Miðlun innherjaupplýsinga kallar á uppfærslu lista.
- Tilkynningar til innherja
 - upplýsingar um réttarreglur um innherja, meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja
 - tímabundnum innherjum ávallt bannað að eiga viðskipti
 - yfirlýsing um að innherji (og fjárhagslega tengdir aðilar) hafi kynnt sér tilkynningu um réttarstöðuna og gildandi reglur.
 - varðveita yfirlýsingar í sjö ár
- Mikilvægt að innherjar viti hvenær þeir eru á lista. Í því felst líka að tilkynna innherja þegar hann fellur af lista.



4. Innherjalistar

Aðilar á
innherjalistum

- Fruminnherjar (1. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.)
 - Tímabundnir innherjar (2. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.)
- } Fjárhagslega tengdir aðilar (16. gr. rgl.)

- Aðrir innherjar (3. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.)



4. Innherjalistar - Fruminnherjar

- 1. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.
 - Aðili sem hefur að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda fjármálagerninga
- 13. og 14. gr. reglna nr. 1050/2012
 - Stjórn fyrirtækis skal setja viðmið um hverja skuli setja á lista yfir fruminnherja.
 - Regluvörður skal styðjast við viðeigandi lög og reglur sem og viðmið stjórnar við mat á því hvaða einstaklingar teljast til fruminnherja og færðir skulu á innherjalista
 - Á lista yfir fruminnherja ber útgefanda að skrá alla þá sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu fruminnherji og þau viðmið sem stjórn útgefanda hefur sett
- Leiðbeinandi tilmæli um 13. og 14. gr. reglnanna
 - Við setningu viðmiða stjórnar, skulu t.a.m. koma til skoðunar staða viðkomandi, starf og/eða aðgengi að upplýsingum. Ekki skiptir máli hvort aðilar séu sjálfstætt starfandi eða þiggi laun sín hjá útgefanda.



4. Innherjalistar - Tímabundnir innherjar

- 2. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.
 - Aðili sem telst ekki fruminnherji en býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar, starfs síns, stöðu eða skyldna
- 15. gr. rgl. nr. 1050/2012
- Leiðbeinandi tilmæli um 15. gr. reglnanna
 - Bæði getur verið um að ræða starfsmenn útgefanda sem ekki eru á fruminnherjalista sem og utanaðkomandi aðila. [...] Í þeim tilvikum sem útgefandi lætur af hendi innherjaupplýsingar til stjórnvalds á grundvelli lagaheimildar, dómsúrskurðar o.þ.h., skal útgefandi tilgreina viðkomandi stjórnvald sem tímabundinn innherja. Það er síðan viðkomandi stjórnvalds að fara að reglunum, sbr. 3. mgr. 1. mgr. reglnanna. [...] Mikilvægt er að haldið sé vel utan um það hverjir hafa aðgang að innherjaupplýsingum.
 - Tímabundinn innherjalisti = innherjaupplýsingar til staðar = óheimilt að eiga viðskipti



4. Innherjalistar - Aðrir innherjar

- 3. tl. 1. mgr. 121. gr. vvl.
 - Aðili sem hvorki telst fruminnherji né tímabundinn innherji en hefur fengið vitneskju um innherjaupplýsingar, enda hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.
- Aðili innan eða utan útgefanda
- Ekki á innherjalista
- Saknæmisskilyrði



4. Innherjalistar - Fjárhagslega tengdir aðilar

- 16. gr. reglna nr. 1050/2012
 1. maki og sambúðarmaki,
 2. ófjárráða börn, kjörbörn og stjúpbörn á heimili innherja,
 3. önnur skyldmenni sem búa á heimili með innherja og hafa búið á heimili með innherja í a.m.k. eitt ár þegar viðskipti eiga sér stað,
 4. lögaðili:
 - a) sem lýtur framkvæmdastjórn innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan
 - b) sem er stjórnað með beinum eða óbeinum hætti af innherja eða aðila sem er talinn upp í lið 1, 2 og 3 hér að framan
 - c) annar en í lið a eða b ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnnaðir hagsmunum innherja eða aðila sem talinn er upp í lið 1, 2 eða 3 hér að framan



5. Tilkynningarskyld viðskipti innherja

- Einungis fruminnherjar útgefanda og aðilar fjárhagslega tengdir þeim geta átt viðskipti að uppfylltum skilyrðum:
- Tímabundnir innherjar mega aldrei eiga viðskipti!
- Utanþingsviðskipti einnig tilkynningarskyld



5. Tilkynningarskyld viðskipti innherja

- Rannsóknarskylda – 125. gr. vvl. og 19. gr. reglnanna
 - fruminnherjar hafa samband við regluvörð og óska heimildar fyrir fyrirhuguðum viðskiptum skriflega
 - eru innherjaupplýsingar til staðar?
 - skyldunni skal sinnt sama dag og viðskipti eru fyrirhuguð.
 - ef viðskipti eru framkvæmd þrátt fyrir ráðgjöf um annað ber regluverði að tilkynna Fjármálaeftirlitinu slíkt. Mögulega innherjasvik ef innherjaupplýsingar voru til staðar.
- skyldan hvílir líka á fruminnherjum þegar fjárhagslega tengdir aðilar ætla að eiga viðskipti!



5. Tilkynningarskyld viðskipti innherja

- Tilkynningarskylda – 126. gr. vvl. og 20. gr. reglnanna
 - þarf að gerast skriflega – annars ekki fullnægjandi tilkynning
 - tilkynningarskyldan er tvíþætt – fyrri hluti hennar uppfylltur þegar fruminnherji sinnir rannsóknarskyldunni
 - seinni hluti tilkynningarskyldunnar er þegar viðskipti eru afstaðin og fruminnherji sendir regluverði upplýsingar samkvæmt 21. gr. reglnanna
 - ef fruminnherji sendir ekki fullnægjandi upplýsingar samkvæmt 21. gr., þá þarf regluvörður að krefjast úrbóta frá fruminnherja og gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um ófullnægjandi tilkynningu í tölvupósti á fme@fme.is
 - regluvörður sendir tilkynningu um viðskiptin ef fullnægjandi upplýsingar berast til Fjármálaeftirlitsins (í gegnum skýrsluskilakerfið)



5. Tilkynningarskyld viðskipti innherja

- Opinber birting ef um er að ræða viðskipti stjórnenda útgefanda með hlutabréf hans – 127. gr. vvl.
 - 3. mgr. 127. gr. vvl. felur í sér skilgreiningu á stjórnendum:
 - „með stjórnendum í lögum þessum er átt við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjóra, eftirlitsnefndir og aðra stjórnendur sem eru fruminnherjar hjá útgefanda og hafa umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu útgefandans“
 - sama á við um aðila fjárhagslega tengda stjórnendum
- Opinber birting ef um er að ræða viðskipti útgefanda með eigin eignarhluti



5. Tilkynningarskyld viðskipti innherja

- Regluvörður skráir samskipti vegna tilkynningarskyldra viðskipta í samskiptaskrá
 - nafn innherja (og fjárhagslega tengdra aðila)
 - dagsetning og tímasetning þegar heimildar fyrir viðskiptum er óskað og þegar afstaðin viðskipti eru tilkynnt
 - nafnverð/gengi fjármálagerningsins
 - álit regluvarðar á viðskiptunum
- Ef fruminnherji á viðskipti gegn ráðgjöf regluvarðar, ber regluverði að tilkynna um það til Fjármálaeftirlitsins.
- Fjármálaeftirlitið metur síðan tilkynningu regluvarðar og hvort gripið verði til aðgerða.



6. Fræðsla til starfsmanna útgefanda

- Starfsmenn útgefanda þurfa að kunna skil á reglunum
 - þekkja hvað felst í því að vera innherji
 - þekkja hvað felst í varfærinni meðferð innherjaupplýsinga
 - fruminnherjar þurfa að þekkja til hvers er ætlast þegar þeir eiga viðskipti
- Regluvörður hefur eftirlit með hvort reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja er fylgt innan útgefanda
- Vel upplýstir starfsmenn auðvelda starf regluvarðar



7. Samskipti við Fjármálaeftirlitið

- Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á fagleg og góð samskipti við regluverði
- Upplýsingar og leiðbeiningar veittar af sérfræðingum verðbréfaeftirlitshóps



8. Samskiptaskrá

- Samskipti á grundvelli reglna nr. 1050/2012 eiga að vera skráð í samskiptaskrá
- Tímaröð – tryggja að ekki sé hægt að gera breytingar á skráningu án ummerkja um breytingar og fyrri færslur
- Rafrænt eða á pappír
- Ákvarðanir um mat á upplýsingum
- Ákvarðanir um frestun upplýsinga
- Samskipti vegna rannsóknar- og tilkynningarskyldu fruminnherja
- Álitaefni/atvik sem koma upp í störfum regluvarðar



9. Skýrsla til stjórnar útgefanda

- Inniheldur yfirlit yfir störf regluvarðar
- Skýrsla til stjórnar getur þó varðað einstök mál
- Eins oft og þörf krefur
- Að lágmarki einu sinni á ári
- Skýrsla við starfslok regluvarðar
- Viðbrögð af hálfu stjórnar ef regluvörður óskar frekari úrræða til að geta sinnt störfum sínum



Regluvörður – helstu verkefni

- Verkefni regluvarðar kalla á fastmótað og skilgreint verklag og verkferla
- Æskilegt að til staðar sé verklag um:
 - aðkomu regluvarðar að mati á upplýsingum
 - varfærna meðferð innherjaupplýsinga
 - þ.m.t. tafarlausa birtingu innherjaupplýsinga ef trúnaður er ekki tryggður
 - gerð og viðhald innherjalista



Skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins

- Innherjalistar
- Tilkynningar um viðskipti innherja munu einnig fara í gegnum skýrsluskilakerfið innan tíðar
 - kerfið krefst þess að allar upplýsingar séu fylltar inn í eyðublaðið
 - ef upplýsingar vantar frá innherja, ber regluverði að ganga á eftir þeim, en senda annars tilkynningu um ófullkomna tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins
- Skýrsluskilakerfið: <http://reportdelivery.fme.is>
- Leiðbeiningar vegna innherjalista og rafræna skýrsluskila: <http://www.fme.is/thjonustugatt/leidbeiningar-og-gatlistar/>



Viðurlög við brotum

- Upplýsingaskyldubrot
- Brot á rannsóknar- og tilkynningarskyldu
- Brot á skyldu útgefanda til að senda innherjalista

- Fjármálaeftirlitið hefur víðtækar heimildir til gagnaöflunar sem eru nýttar við athuganir
- Athuganir geta spröttið af frumkvæði Fjármálaeftirlitsins eða á grundvelli ábendinga



Viðurlög við brotum - úrræði

- Dagsektir – ef aðili veitir ekki umbeðnar upplýsingar eða sinnir ekki kröfum um úrbætur
- Fávíti – ef aðili brýtur gegn ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins
- Sátt – ef aðili brýtur gegn ákvæðum vvl., reglugerðum eða reglum Fjármálaeftirlitsins – 142. gr. vvl.
 - ef ekki meiriháttar brot
 - bindandi við samþykki
 - einstaklingar: 10 þús. kr. til 20 millj. kr.
 - lögaðilar: 50 þús. kr. til 50 millj. kr.



Viðurlög við brotum - úrræði

- Stjórnvaldssekt – 141. gr. vvl. - ef aðili brýtur gegn ákvæðum vvl., reglugerðum eða reglum Fjármálaeftirlitsins
 - ásetningur eða gáleysi – misskilningur eða mistök ekki refsileysisástæða
 - einstaklingar: 10 þús. kr. til 20 millj. kr.
 - lögaðilar: 50 þús. kr. til 50 millj. kr.
- Kæra til sérstaks saksóknara vegna brota sem varða sektum eða fangelsi – 145. gr. vvl.
 - ásetningur eða gáleysi – misskilningur eða mistök ekki refsileysisástæða



Viðurlög við brotum - úrræði

- Gagnsæisheimild Fjármálaeftirlitsins
 - heimild í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi
 - Fjármálaeftirlitið getur birt niðurstöður í málum og athugunum
 - gagnsæisstefna Fjármálaeftirlitsins er á heimasíðunni
 - mikil varnaðaráhrif falin í birtingu gagnsæistilkynninga





Erindi og ábendingar: fme@fme.is



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Atviksbundin upplýsingaskylda

Fræðslufundur fyrir regluverði 30. maí 2013

Elsa Karen Jónasdóttir lögfræðingur

Yfirlit

- I. Hvaða lög og reglur gilda um atviksbundna upplýsingaskyldu?
- II. Hvaða upplýsingar á útgefandi að birta opinberlega?
- III. Hvernig á að standa að birtingu upplýsinganna?



I. Hvaða lög og reglur gilda um atviksbundna upplýsingaskyldu?

- Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum - kaflar VII og VIII
 - gagnsæistilskipun ESB nr. 2004/109
- Reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum um verðbréfavíðskipti
- Reglur um hvað telst fjölmiðill skv. III. kafla reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Megintilgangur ákvæða um upplýsingagjöf?

- Stuðla að jafnræði fjárfesta
- Draga úr líkum á misnotkun upplýsinga
- Auka gagnsæi á markaði og þar með traust og trúverðugleika sem þar þarf að ríkja

II. Hvaða atviksbundnu upplýsingar á að birta opinberlega?

- Atviksbundin upplýsingaskylda verður einungis virk þegar nánar tilgreind atvik liggja fyrir

Reglulegar upplýsingar (VII. kafli)	Aðrar skyldur útgefanda (VIII. kafli)
Ársreikningur	Viðbótarupplýsingar: <ul style="list-style-type: none">- útgáfa nýrra lána- breytingar á réttindum- breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa
Árshlutareikningur	Breytingar á stofnsamningi eða samþykktum
Greinargerð frá stjórn	Hlutabréf
	Skuldabréf

Ársreikningur - 57. gr. vvl.

- Reglulegar upplýsingar útgefanda.

- Birta skal ársreikning opinberlega
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur verðbréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - heimaríki er þar sem skráð skrifstofa er (MR)
 - undanþágur í 56. gr. vvl.
 - ef ársreikningur hefur að geyma óvæntar upplýsingar um afkomu er um innherjaupplýsingar að ræða – skylt að birta, sbr. 122. gr. vvl.

Ársreikningur – frh.

- Reglulegar upplýsingar útgefanda.

- Meginreglan er að birta eins fljótt og auðið er eftir lok reikningsárs en eigi síðar en fjórum mánuðum frá lokum þess
 - skyldan verður virk um leið og ársreikningur hefur verið samþykktur af stjórn viðkomandi útgefanda
- Aðgengilegur almenningi í að minnsta kosti fimm ár

Árshlutareikningur - 58. gr. vvl.

- Reglulegar upplýsingar útgefanda.

- Birta skal árshlutareikning opinberlega
- Efni árshlutareiknings markast af fyrstu sex mánuðum reikningsárs
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur hlutabréfa og/eða skuldabréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur í 56. gr. vvl.
 - ef árshlutareikningur hefur að geyma óvæntar upplýsingar um afkomu er um innherjaupplýsingar að ræða – skylt að birta, sbr. 122. gr. vvl.

Árshlutareikningur – frh.

- Reglulegar upplýsingar útgefanda.

- Meginreglan er að birta eins fljótt og auðið er eftir lok tímabilsins en eigi síðar en tveimur mánuðum frá lokum þess
- skyldan verður virk um leið og árshlutareikningur hefur verið samþykktur af stjórn viðkomandi útgefanda
- Aðgengilegur almenningi í a.m.k. 5 ár

Greinargerð frá stjórn - 59. gr. vvl.

- Reglulegar upplýsingar útgefanda.

- Stjórn útgefanda skal birta greinargerð opinberlega
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur hlutabréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur:
 - 56. gr. vvl.
 - þeir sem birta árshlutareikning vegna fyrstu þriggja og níu mánaða reikningsárs
- Greinargerð á að gefa greinagóða lýsingu á rekstri útgefanda og stöðu félagsins
 - efni hennar skal ná yfir tímabil frá upphafi hvors sex mánaða tímabils til birtingardags greinargerðarinnar
 - birt á tímabilinu frá 10 vikum eftir að viðkomandi 6 mánaða tímabil hefst og þar til 6 vikum áður en því líkur

Viðbótarupplýsingar – 1. mgr. 68. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

1. Útgáfa nýrra lána

- Birta skal upplýsingar um útgáfu nýrra lána opinberlega
 - geta sérstaklega um ábyrgðir eða tryggingar
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur verðbréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur:
 - 67. gr. vvl.
 - ríki og sveitarfélög

Viðbótarupplýsingar – frh.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Birta opinberlega nýjar útgáfur án tafa
 - um leið og búið er að stofna til samnings-
skuldbindingarinnar
 - endanlega ljóst hvort af lántökunni verður
- Hvað felst í útgáfu nýrra lána?
 - engin mörk um stærð útgáfunnar eða lántökunnar
 - útgáfan þarf ekki að vera líkleg til að hafa
marktæk áhrif á markaðsverð verðbréfanna

Viðbótarupplýsingar – 2. mgr. 68. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

2. Breytingar á réttindum

- Birta skal upplýsingar um allar breytingar á réttindum handhafa verðbréfanna
 - þ.á.m. breytingar á skilmálum og skilyrðum
 - sérstaklega þær sem stafa af breytingum á lánaskilmálum eða vöxtum, sem gætu haft óbein áhrif á réttindin
- Ákvæðið á við um:
 - alla aðra útgefendur en útgefendur hlutabréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur í 67. gr. vvl.

Viðbótarupplýsingar – 3. mgr. 68. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

3. Breytingar sem fylgja mismunandi flokkum

- Birta skal allar breytingar á réttindum sem fylgja mismunandi flokkum hlutabréfa opinberlega
 - t.d. mismunandi flokkar hlutabréfa sem hafa mismunandi rétt til að greiða atkvæði í félagi eða mismun á rétti til arðs
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur hlutabréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur í 67. gr. vvl.

Breytingar á stofnsamningi eða samþykktum – 69. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Ef það á að gera breytingar á stofnsamningi eða samþykktum:
 - senda án tafar drög til Fjármálaeftirlitsins
 - senda án tafar drög til skipulegs verðbréfamarkaðar
 - birta opinberlega, sbr. 73. gr. vvl.
- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur verðbréfa, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur í 67. gr. vvl.

Hlutabréf - 70. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Útgefandi á að tryggja jafnræði hluthafa
 - nær til eigenda í sömu stöðu
- Heimilt að veita öðrum umboð til að fara með rétt sinn
- Þarf að tryggja að allar upplýsingar sem eigendum hluta eru nauðsynlegar til að geta neytt réttar síns séu aðgengilegar og að áreiðanleiki upplýsinganna sé tryggður

Hlutabréf – frh.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Mælt er fyrir um það í fjórum töluliðum hvaða atriði útgefandi skuli einkum tryggja að séu til staðar, m.a:
 - dagskrá allra funda
 - allar tillögur sem leggja á fyrir fund þarf að birta opinberlega!
 - gera umboðseyðublað aðgengilegt
 - upplýsingar um úthlutun og greiðslu arðs og útgáfu nýrra hluta (dreifibréf/auglýsing)

Skuldabréf - 71. gr. vvl.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Útgefandi á að tryggja jafnræði handhafa skuldabréfa varðandi sérhver réttindi sem fylgja skuldabréfunum
- Miðað við að bréfin séu metin jafngild, þ.e. gefin út samtímis og með sömu skilmálum
- Heimilt að veita öðrum umboð til að fara með rétt sinn

Skuldabréf – frh.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Ákvæðið á við um:
 - útgefendur skuldabréfa en skv. ákvæðinu merkir skuldabréf skuldaviðurkenning eða skuld skv. annars konar verðbréfum, með Ísland sem heimaríki skv. 3. gr. vvl.
 - undanþágur:
 - verðbréf sem jafna má til hlutabréfa í félögum eða sem geta af sér rétt til að afla hluta eða verðbréfa sem jafna má til hlutabréfa, ef þeim er umbreytt/réttindum beitt
 - peningamarkaðsskjöl með binditíma skemmri en 12 mánuði
 - ríki og sveitarfélög

Skuldabréf – frh.

- Aðrar skyldur útgefanda.

- Ef boðað er til fundar, beina fundarboði að öllum
 - senda auglýsingu eða dreifibréf
 - ef ekki er hægt að nálgast alla - birta opinberlega
 - umboðseyðublað aðgengilegt
- Ef um innherjaupplýsingar er að ræða – birta bæði innherjaupplýsingarnar og að það eigi að halda fund
- Útgefandi á einnig að upplýsa handhafa um greiðslu vaxta, um framkvæmd hverskonar breytiréttar, skipta, áskriftar eða afturköllunar á réttindum og greiðslum

III. Hvernig á að standa að opinberri birtingu?

- Það er í höndum útgefanda að birta opinberlega:
 - birta almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu
 - eins fljótt og auðið er
 - á jafnræðisgrundvelli
- Reglunum er ætlað að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum
 - tilkynningar þurfa að vera skýrar og nákvæmar

III. kafli reglugerðar nr. 707/2008 fjallar ítarlega um opinbera birtingu.

- Upplýsingum skal dreift með þeim hætti að þær ná til eins margra og kostur er í öllum ríkjum á Evrópska efnahags-svæðinu samtímis
- Upplýsingarnar skulu sendar fjölmiðlum í óstyttum orðréttum texta
- Upplýsingar skulu sendar fjölmiðlum með aðferð sem tryggir örugg samskipti, lágmarkar hættu á óheimilum aðgangi og veitir fullvissu um uppruna upplýsinganna
- Upplýsingar skulu bera eftirfarandi skýrleika með sér:
 - að um upplýsingar sem skylt er að birta opinberlega sé að ræða
 - hver viðkomandi útgefandi er
 - efni upplýsinganna
 - tímasetningu og dagsetningu miðlunar þeirra

Hvað er fjölmiðill skv. reglum FME?

- Til að uppfylla opinbera birtingu er áhersla lögð á virka dreifingu til fjölmiðla
- Fjölmiðill: Upplýsingamiðill sem er sérhæfður í skjótri og rafrænni birtingu upplýsinga til almennings.
- Birting á heimasíðu útgefanda er ekki opinber birting!

Miðlæg varðveisla – 63. og 74. gr. vvl.

- Markmiðið með miðlægri varðveislu er að fjárfestar hafi greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum
- Netslóði geymslukerfisins er www.oam.is
- Þjónusta við kerfið er í höndum NASDAQ OMX
- Vistun í kerfinu telst ekki opinber birting!

Ábyrgð – XIV. og XV. kafli vvl.

- Ábyrgð á því að upplýsingar séu teknar saman og gerðar opinberar hvílir á útgefanda
- Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að útgefandi birti upplýsingar í samræmi við lög og reglur
- Telji Fjármálaeftirlitið að ekki hafi verið farið eftir lögum er því heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að almenningur sé réttilega upplýstur
- Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn lögum um verðbréfavíðskipti
 - ásetningur eða gáleysi



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Breyting á verulegum hlut atkvæðisréttar (flagganir)

I. Hvaða lög og reglur gilda?

- Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007, með síðari breytingum - kafli IX
 - gagnsæistilskipun ESB nr. 2004/109
- Reglugerð nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum um verðbréfavíðskipti
- Reglur um hvað telst fjölmiðill skv. III. kafla reglugerðar nr. 707/2008 um upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu skv. lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Breytingar á verulegum hlut atkvæðisréttar (flöggun) – 78. og 79. gr. vvl.

- Flagga skal þegar atkvæðisréttur nær, hækkar yfir eða lækkar niður fyrir 5, 10, 15, 20, 25, 30, 35, 40, 50, 66 $\frac{2}{3}$ og 90%
- Á við um:
 - hluti í hlutafélögum með skráða skrifstofu á Íslandi sem gefa út hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði

Flöggun – 78., 85. og 86. gr. vvl.

- Eigandi hlutanna

- Hvað þarf eigandi hlutanna að gera/sá sem hefur ráðstöfunarrétt yfir atkvæðisrétti?
 - senda tilkynningu til viðkomandi útgefanda
 - senda tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins
- Efni tilkynningar (sjá eyðublað):
 - atkvæðisréttur eftir breytingu
 - eignatengsl við dótturfélög þar sem flöggunar skyldur aðili hefur yferráð yfir atkvæðisréttinum, ef við á
 - dagsetningu þegar flöggunar skylda stofnaðist
 - fullt nafn eiganda hlutanna og fullt nafn þess aðila sem fer með atkvæðisréttinn fyrir hönd eiganda hlutanna, ef við á.
- Senda tilkynningu eins fljótt og auðið er en þó eigi síðar en næsta viðskiptadag eftir að flöggunar skylda stofnaðist

Flöggun – 87., 95. og 96. gr. vvl.

- Útgefandi hlutanna

- Hvað þarf útgefandi hlutanna að gera?
 - birta opinberlega allar upplýsingar sem finna má í tilkynningu eiganda/ráðstöfunaraðila, eins fljótt og auðið er eftir móttöku tilkynningar, en þó eigi síðar en klukkan 12 næsta viðskiptadag eftir að tilkynning berst honum
 - senda allar upplýsingar til miðlægrar varðveislu

Takk fyrir!

Spurningar eða ábendingar: fme@fme.is

